**Sþ. 743. Skýrsla**

utanríkisráðherra um verktakastarfsemi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka.

**Efnisyfirlit**

I. Inngangur
II. Upphaf og grundvöllur framkvæmda fyrir varnarliðið
III. Íslenskir aðalverktakar s.f.
IV. Sameinaðir verktakar h.f.
V. Reginn h. f.
VI. Keflavíkurverktakar
VII. Afgreiðsla á tollfrjálsum innflutningi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka
VIII. Svör við spurningum um starfsemi Íslenskra aðalverktaka s.f.
IX. Hliðstæð svör við spurningum um starfsemi Keflavíkurverktaka eftir því sem við á

**Fylgiskjöl:**

1. Samkomulag um íslenska verktöku
2. Félagssamningur Íslenskra aðalverktaka s.f.
3. Dverghamrar s.f. — Eigendur pr. 31.12.1983
4. Yfirlýsing endurskoðenda Íslenskra aðalverktaka s.f.
5. Sameinaðir verktakar h. f. — Hluthafaskrá pr. 31.12.1983
6. Félag vatnsvirkja h. f. — Hluthafaskrá pr. 31.12.1983
7. Rafvirkjadeildin h. f. — Hluthafaskrá pr. 31.12.1983
8. Verktakafélag málarameistara s.f. — Eigendur pr. 31.12.1983
9. Stofnsamningur Keflavíkurverktaka
10. Keflavíkurverktakar — Hluthafalisti fjögurra félaga, er mynda Keflavíkurverktaka pr. febrúar 1984

# I. Inngangur.

Þingmenn Alþýðuflokks og Bandalags jafnaðarmanna lögðu fram á Alþingi 23. janúar s. l. beiðni um skýrslu frá utanríkisráðherra um starfsemi Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli. Settar voru fram 17 spurningar, sem óskað er svara við.

Utanríkisráðherra vill verða við þessari beiðni, en þar sem umræddar spurningar og svör við þeim gefa einungis takmarkað yfirlit um verktakastarfsemina eru í þessari skýrslu og fylgiskjölum veittar ítarlegri upplýsingar en óskað var eftir. Lagðar eru m. a. fram upplýsingar um Keflavíkurverktaka, en það fyrirtæki hefur með höndum verulegan hluta af viðhaldsframkvæmdum fyrir varnarliðið. Í skýrslunni eru jafnframt raktar sögulegar forsendur fyrir núverandi verktakastarfsemi.

Í greinargerð þingmanna Alþýðuflokks og Bandalags jafnaðarmanna er tekið fram, að tilgangur þessarar beiðni sé fyrst og fremst að varpa ljósi á starfsemi og fjármál Íslenskra aðalverktaka, þannig að fordómalausar umræður reistar á staðreyndum geti farið fram um starfsemi og framtíð fyrirtækisins. Rétt þykir að geta þess, að utanríkismálanefnd hefur við ýmis tækifæri rætt starfsemi Íslenskra aðalverktaka. Má í þessu sambandi nefna, að í september 1981 fóru nefndarmenn til Keflavíkurflugvallar og kynntu sér starfsemi fyrirtækisins. Fengu þingmennirnir við það tækifæri reikninga fyrirtækisins fyrir árin 1977—1980. Í febrúar 1983 komu forráðamenn verktakafyrirtækjanna á fund utanríkismálanefndar að beiðni hennar og greindu frá starfsemi fyrirtækjanna, auk þess að svara margvíslegum spurningum þingmanna.

Við gerð þessarar skýrslu hefur varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins haft samband við og fengið upplýsingar frá ríkisendurskoðun, ríkisbókhaldi, tollstjóranum í Reykjavík, lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli, Seðlabanka Íslands, Bifreiðaeftirliti ríkisins og varnarliðinu. Jafnframt hafa fyrirtækin Íslenskir aðalverktakar sf., Sameinaðir verktakar h. f., Reginn h. f. og Keflavíkurverktakar látið ráðuneytinu í té þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir.

# II. Upphaf og grundvöllur framkvæmda fyrir varnarliðið.

Við komu varnarliðsins til Íslands árið 1951 hófust umfangsmiklar byggingarframkvæmdir á varnarsvæðunum. Aðalverktaki fyrstu árin var bandarískt fyrirtæki, er gerði verksamninga við varnarliðið, sá um öll efnisinnkaup og lagði jafnframt til vélar og tæki. Undirverktakar voru bæði erlend og íslensk fyrirtæki, þ. á m. Sameinaðir verktakar, sem voru samtök íslenskra iðnmeistara og byggingarfélaga er stofnuð voru fyrir tilverknað þáverandi ríkisstjórnar í því skyni að tryggja, að Íslendingar ættu kost á öllum þeim framkvæmdum fyrir varnarliðið, sem þeir gætu annast. Eftir því sem fleiri þættir verktakastarfseminnar færðust í hendur Íslendinga var talið óþarft að hafa hér erlendan millilið, enda voru þá fyrir hendi vissir samstarfserfiðleikar, sem erfitt var að ráða fram úr.

Árið 1954 var ákveðið með samningi Íslands og Bandaríkjanna að framvegis sæju Íslendingar einir um alla verktöku fyrir varnarliðið. Meginatriði samkomulagsins, dags. 25. mars 1954 (sjá fskj. nr. 1) voru þessi:

— að allri verktöku á vegum varnarliðsins yrði hagað þannig, að komið yrði í veg fyrir neikvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.

— að íslenskir verktakar, tilnefndir af ríkisstjórn Íslands, sæju um alla verktöku, sem þeir væru færir um.

— í því skyni að auka tæknimenntun Íslendinga, er unnu að varnarliðsframkvæmdum, voru skipulögð þjálfunarnámskeið.

— að íslenskir verktakar tækju að sér rekstur á verktakabúðum og verkstæðum bandarísku verktakanna, sem yrðu áfram í eigu varnarliðsins.

— að öll tæki, efni og þjónusta, sem notuð yrði við varnarliðsframkvæmdir af íslenskum verktökum yrðu undanþegin öllum sköttum, gjöldum og öðrum álögum í samræmi við 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn, er fjallar um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951.

— að fylgt yrði öllum íslenskum stöðlum hvað varðar hönnun á mannnvirkjum varnarliðsins, er ekki væru hagnýtt sem varnarmannvirki.

Ofangreint samkomulag hefur síðan verið grundvöllurinn að starfsemi íslensku verktakafyrirtækjanna. Meginósk Bandaríkjamanna var og er, að íslenskur verktaki sé þannig í stakk búinn með framkvæmdagetu, að hann geti með stuttum fyrirvara tekið að sér hvaða verk sem er, hversu vandasamt sem það kann að vera. Í þessu sambandi er rétt að benda á eftirfarandi þætti varðandi varnarliðsframkvæmdir, sem eru að vissu leyti frábrugðnir annarri verktöku á Íslandi.

— Verktaki verður ávallt að hafa í sinni þjónustu sérþjálfaða starfsmenn er hafa reynslu, þekkingu og innsýn í bandaríska verklýsingu, hönnun og tækni. Verklýsingar varnarliðsins eru bæði ítarlegri og kröfuharðari en almennt gildir á íslenskum byggingarmarkaði. Sérfræðingar með slíka kunnáttu verða að vera til staðar, enda þótt sveiflur séu á verkefnum.

— Verktaki verður að hafa öll þau tæki og áhöld, sem nauðsynleg eru til þess að leysa sérhvert verkefni af hendi.

— Vegna tollfrelsis á byggingarefni, vinnuvélum og varahlutum við varnarliðsframkvæmdir, verða verktakafyrirtækin að sýna alveg sérstaka aðgæslu hvað varðar innflutning þessara vara, notkun tækja og birgðahald á varnarsvæðunum.

— Verktaki verður að hafa víðtæka þekkingu á þeim efniskröfum, sem bandaríski sjóherinn gerir til framkvæmda, þ. á m. útvegun efnis í Bandaríkjunum.

— Einn verktaki (Íslenskir aðalverktakar) verður að annast, auk framkvæmda við nýbyggingar, margvíslega verkfræðiþjónustu og reka fyrir varnarliðið malbikunarstöð, steypustöð, og grjót- og sandnámu, án tillits til þess hver framleiðsluþörfin kann að vera á hverjum tíma.

— Úthlutun á verkefnum til verktaka getur átt sér stað einu til tveimur árum áður en til endanlegra samninga kemur og framkvæmdir hefjast.

Utanríkisráðherra tilnefnir aðalverktaka til að annast framkvæmdir varnarliðsins á Íslandi. Gerðir eru rammasamningar um einstök verk fyrir næsta fjárhagsár og jafnhliða gengið frá samningum um greiðslu fyrir starfrækslu og viðhald á verktakamannvirkjum í eigu varnarliðsins og þjónustu er verktaki lætur af hendi án tillits til framkvæmdamagns. Íslenskir aðalverktakar hafa ávallt verið tilnefndir til að annast þessar framkvæmdir og þjónustu.

## III. Íslenskir aðalverktakar s.f.

Íslenskir aðalverktakar voru stofnaðir árið 1954 í framhaldi af áðurgreindu samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna, um að íslenskur verktaki taki við hlutverki bandaríska verktakans Metcalfe, Hamilton, Smith & Beck, sem samningsaðili við varnarliðið um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Íslenskir aðalverktakar tóku jafnframt að sér að reka nauðsynleg verkstæði, mötuneyti, svefnskála, geymsluhús og framleiðslustöðvar, svo sem steypustöð, malbikunarstöð, grjót- og sandnám, sem voru í eigu varnarliðsins. Árið

1957 var fyrirtækinu jafnframt falið að annast allar byggingaframkvæmdir, sem Sameinaðir verktakar höfðu haft með höndum sem undirverktaki.

Stofnaðilar Íslenskra aðalverktaka voru ríkissjóður með 25% eignaraðild, Sameinaðir verktakar h. f. með 50% og Reginn h. f. með 25%. Núverandi félagssamningur fyrirtækisins er frá árinu 1957 (sjá fskj. nr. 2). Félagsstjórn er skipuð fulltrúa ríkisstjórnarinnar, tilnefndur af utanríkisráðherra og er sá fulltrúi jafnframt formaður félagsstjórnar, tveimur fulltrúum Sameinaðra verktaka h. f. og einum fulltrúa Regins h. f. Núverandi stjórn skipa:

Vilhjálmur Árnason, hrl., formaður.

Geir Magnússon, framkvæmdastjóri.

Halldór H. Jónsson, arkitekt.

Ingólfur Finnbogason, húsasmíðameistari.

Stjórnin er skipuð til eins árs í senn. Framkvæmdastjórar fyrirtækisins eru tveir, Thor Ó. Thors og Gunnar Þ. Gunnarsson. Endurskoðendur fyrirtækisins eru þrír, Helgi Hannesson, fv. deildarstjóri, tilnefndur af utanríkisráðherra, Kristleifur Jónsson, bankastjóri og Þorkell Ingibergsson, byggingameistari. Hjörtur Pjetursson, cand. oecon. er löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins.

Íslenskir aðalverktakar hafa með höndum allar nýframkvæmdir fyrir varnarliðið, auk meiriháttar viðhaldsframkvæmda. Verkefnin, sem fyrirtækið hefur fengið í hendur, hefur það ýmist framkvæmt sjálft, látið í undirverktöku til verktaka í eigu aðilja, er standa að Sameinuðum verktökum eða til annarra undirverktaka.

Verkefnasvið Íslenskra aðalverktaka er margþætt og mun víðtækara en almenningur virðist gera sér grein fyrir. Til marks um þá fjölbreytni og sérþekkingu, sem fyrirtækið býr yfir, skulu nefnd nokkur verkefni undanfarinna ára:

Nýbyggingar íbúðarhúsnæðis.

Félagslegar byggingar, t. d. dagheimili, kirkja, félagsheimili, skólar, íþróttahús og mötuneyti.

Mannvirki, svo sem flugskýli, gervihnattajarðstöð, flugturn, flugvélaverkstæði, skrifstofubyggingar.

Vegalagning og veglýsing, hitaveitulögn, rafmagns-, holræsa-, vatns- og símalagnir á öllu varnarsvæðinu.

Flugbrautarlagning og viðhald á þeim, uppsetning aðflutningsljósa og flugleiðsögutækja.

Olíurými og bryggja í Hvalfirði, tankasmíði í Helguvík.

Ofangreind upptalning gefur e. t. v. betur til kynna en margt annað umfang þeirrar starfsemi, sem um ræðir. Meðfylgjandi yfirlit um ýmsar deildir fyrirtækisins og starfsmannafjölda um s. l. áramót lýsir einna gleggst þeirri sérþekkingu, er starfsmenn fyrirtækisins búa yfir.

**Starfslið Íslenskra aðalverktaka 3. janúar 1984.**

| | |
|---|---|
| Verkamenn | 136 |
| Hvalfjörður | 12 |
| Steypustöð | 5 |
| Efnisnám | 9 |
| Járnaverkstæði | 43 |
| Rafmagnsverkstæði | 7 |
| Pípulagningaverkstæði | 3 |
| Blikksmiðja | 11 |
| Trésmiðja | 7 |
| Véladeild | 68 |

| | | |
|---|---|---|
| Bílaverkstæði | 28 | |
| Smurstöð | 4 | |
| Varahlutalager | 4 | |
| Mötuneyti | 30 | |
| Svefnskálar | 8 | |
| Ræsting skrifstofu | 4 | |
| Almenn skrifstofa | 16 | |
| Reykjavík | 8 | |
| Verkfræðideild | 29 | |
| Innkaupadeild | 4 | |
| Birgðadeild | 22 | |
| Eignaumsjón | 8 | 476 |
| *Undirverktakar:* | | |
| Trésmiðir | 60 | |
| Vatnsvirkjar | 12 | |
| Rafvirkjar | 11 | |
| Málarar | 4 | 87 |
| | | 563 |

Flestir undirverktakar eru félög, er tengjast Íslenskum aðalverktökum eða Sameinuðum verktökum með vissum hætti. Eitt þeirra, Dverghamrar sf. voru stofnaðir 1961 af sömu aðilum er voru hluthafar í byggingardeild Sameinaðra verktaka. Í félagssamningi er ákvæði um útvegunarskyldu á smiðum og múrurum, þegar mikið er umleikis. Samsvarandi ákvæði er fyrir hendi í félagssamningum fyrri sérdeilda Sameinaðra verktaka (sjá síðar). Dverghamrar hafa síðan 1961 annast í vaxandi mæli undirverktöku hjá Íslenskum aðalverktökum. Hluthafar í félaginu eru nú 99 (sjá fskj. nr. 3).

Af undirverktökum, er ekki tengjast Íslenskum aðalverktökum má nefna Suðurnesjaverktaka, er hafa haft ýmis verkefni hjá Íslenskum aðalverktökum undanfarin árin.

Íslenskir aðalverktakar hafa rekið innkaupaskrifstofu í Bandaríkjunum í 30 ár, sem annast kaup á byggingarvörum og varahlutum vegna verkefna fyrirtækisins. Hér er um all umfangsmikla starfsemi að ræða, þar sem samkvæmt samningi við varnarliðið verður oftast að leita eftir mörgum tilboðum í sömu vöru eða hlut. Starfsmenn skrifstofunnar eru 6. Endurskoðendur fyrirtækisins gera úttekt á starfsemi hennar árlega, nú síðast í nóvember 1983 (sjá fskj. nr. 4).

Fyrirtækið hefur í samræmi við samkomulagið frá 1954 og viðbæti við varnarsamninginn frá 1951 notið toll- og skattfríðinda af öllu efni, tækjum og þjónustu, sem það hefur flutt inn fyrir starfsemi sína.

Á verkefnaskrá Íslenskra aðalverktaka í lok ársins 1983 voru óunnin alls 25 verk á mismunandi byggingarstigum að upphæð 34,4 millj. dollara. Af samtölu þessara verkefna nema kostnaðarliðir vegna vinnu og vélanotkunar 14,7 millj. dollara, en efnisliðir framangreindra verka eru nálægt 19,7 millj. dollara. Stærstu verkefnin, sem nú er unnið að, eru bygging flugskýla fyrir orrustuþotur varnarliðsins, framkvæmdir við fyrsta áfanga eldsneytisgeymarýmis í Helguvík, nýtt malbikslag á norður-suður-flugbrautina, viðgerðir á íbúðum varnarliðsmanna, kirkjubygging og húsnæði fyrir bókhaldsdeild varnarliðsins. Samtals nema þessar sex framkvæmdir um 30 millj. dollara. Verður flestum lokið fyrir árslok 1985.

Fyrir hendi eru jafnframt tvö samþykkt verkefni frá árinu 1982 að upphæð 2,3 millj. dollara og sex frá árinu 1983 að upphæð 9,3 millj. dollara. Samningum um þessi verkefni

verður væntanlega lokið á næstu mánuðum, þannig að þau verkefni koma til framkvæmda að einhverju leyti á þessu ári eða næsta ári.

Þess er rétt að geta, að eitt til tvö ár geta liðið frá því samningsgerð er hafin við verktaka þar til framkvæmdir byrja. Stafar þessi langi tími m. a. af nauðsynlegum efniskaupum, breytingum eða frekari hönnun á verkefninu eða jafnvel seinkun á fjármögnun.

Vakin er athygli á því, að á árabilinu 1957—1971 framkvæmdu Íslenskir aðalverktakar ýmis verkefni utan varnarsvæða fyrir ríkisstofnanir og sveitarfélög. Hér var aðallega um að ræða byggingu varanlegra vega. Öll verkefnin voru unnin með samþykki hlutaðeigandi utanríkisráðherra og oft að ósk viðkomandi ríkisstjórnar. Öll gjöld, tollar og skattar voru greiddir af þessum framkvæmdum, svo og framkvæmdum við húsbyggingar félagsins að Höfðabakka 9, er hófust 1968 og enn er ekki að fullu lokið (sjá spurningu nr. 3).

## IV. Sameinaðir verktakar h. f.

Stofnendur Sameinaðra verktaka sf. 1951 voru húsamíðameistarar, múrarameistarar, byggingarfélög og verktakar í byggingariðnaði, samtals 43 einstaklingar og fyrirtæki. Fyrirtækið var stofnað í því skyni að taka að sér undirverktöku hjá bandaríska aðalverktakanum, er hafði með varnarliðsframkvæmdir að gera. Sameinaðir verktakar voru skipulagðir með þeim hætti, að sérhver iðngrein, þ. e. a. s. vatnsvirkjar, rafvirkjar, málarar og járnsmiðir störfuðu í sérstökum deildum, er voru félög út af fyrir sig. Voru þetta opin og frjáls samtök iðnaðarmanna og byggingarfélaga. Sameinaðir verktakar gerðu verksamninga við bandaríska aðalverktaka, önnuðust alla jarðvinnu, múrvinnu og trésmíði, en leitaði síðan tilboða hjá einstökum deildum, sem sáu um framkvæmdir undir yfirstjórn Sameinaðra verktaka, sem jafnframt byggði og rak mötuneyti, svefnskála, verkstæði og aðra aðstöðu. Fyrir þessa þjónustu greiddu deildirnar sameiginlegan kostnað fyrirtækisins.

Þegar Íslenskir aðalverktakar voru stofnaðir gerðust Sameinaðir verktakar framkvæmdaaðili hjá því fyrirtæki á sama hátt og áður fyrir bandaríska aðalverktaka, jafnframt því að ljúka þeim verksamningum, er í gildi voru við hinn erlenda verktaka. Árið 1957 verður sú breyting, að Sameinaðir verktakar hætta allri verktöku. Íslenskir aðalverktakar skiptu áfram við deildir Sameinaðra verktaka og þá sem undirverktaka, en Sameinuðum verktökum var breytt í hlutafélag með eignaraðild hinna ýmsu sérdeilda, en við bættust blikksmíðameistarar. Með þessari eignarsamsetningu varð félagið síðan 50% eignaraðili að Íslenskum aðalverktökum. Fyrirtækið starfar því áfram í dag sem eignarfélag. Hluthafar árið 1957 voru samtals 159, en eru nú 147 (sjá fskj. nr. 5). Hlutafé nemur 32 millj. kr. Félagið er í dag helmingseigandi að fasteigninni Höfðabakka 9 á móti Íslenskum aðalverktökum.

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir aðilar:
Halldór H. Jónsson, arkitekt, formaður.
Bergur Haraldsson, pípulagningameistari.
Geir Magnússon, framkvæmdastjóri.
Thor Ó. Thors, framkvæmdastjóri.
Þorbjörn Jóhannesson, kaupmaður.

Arður greiddur hluthöfum Sameinaðra verktaka h. f. frá stofnun félagsins 1957 til 1983 nemur eftirfarandi upphæðum í nýkrónum:

| | |
|---|---|
| 1957 | enginn |
| 1958 | enginn |
| 1959 | 1 582 |
| 1960 | 2 500 |
| 1961 | 2 500 |
| 1962 | 2 500 |

| | |
|---|---|
| 1963 | 3 750 |
| 1964 | 7 650 |
| 1965 | 9 000 |
| 1966 | 9 000 |
| 1967 | 9 000 |
| 1968 | 9 000 |
| 1969 | 9 000 |
| 1970 | 13 500 |
| 1971 | 18 000 |
| 1972 | 18 000 |
| 1973 | 36 000 |
| 1974 | 36 000 |
| 1975 | 36 000 |
| 1976 | 48 000 |
| 1977 | 64 000 |
| 1978 | 96 000 |
| 1979 | 128 000 |
| 1980 | 160 000 |
| 1981 | 280 000 |
| 1982 | 480 000 |
| 1983 | 3 200 000 |

Áðurnefndar sérdeildir Sameinaðra verktaka, sem starfað hafa sem sjálfstæð félög í undirverktöku hjá Íslenskum aðalverktökum eru:

Félag vatnsvirkja h. f., hluthafar 24 (sjá fskj. nr. 6).
Rafvirkjadeildin h. f., hluthafar 19 (sjá fskj. nr. 7).
Verktakafélag málarameistara sf., eigendur 16 (sjá fskj. nr. 8).

## V. Reginn h. f.

Reginn h. f. var stofnað 1943. Á árunum 1953—1957 hafði fyrirtækið með höndum ýmsar byggingarframkvæmdir um allt land, þ. á m. varnarliðsframkvæmdir sem undirverktaki í tengslum við Sameinaða verktaka. Var helsta verkefni fyrirtækisins að byggja hús úr tilbúnum húsaeiningum frá Hollandi.

Fyrirtækið er stofnaðili að Íslenskum aðalverktökum með 25% hlutdeild. Reginn er jafnframt eignaraðili að Sameinuðum verktökum og nemur eignarhlutdeild þess í dag 7.46%, þannig að bein eða óbein eignaraðild fyrirtækisins að Íslenskum aðalverktökum er samtals 28.73%.

Fyrirtækið starfar nú sem eignarfyrirtæki. Það er í raun alfarið í eigu Sambands ísl. samvinnufélaga, sem á 95 750 kr. af samtals 97 500 kr. hlutafé félagsins. Fimm einstaklingar, sem eru starfsmenn Sambandsins, eiga hver 50 kr. hlut og eigið hlutafé félagsins er 1 500 kr.

Stjórn Regins h. f. er skipuð þessum mönnum:
Erlendi Einarssyni, forstjóra, formaður.
Sigurði Markússyni, framkvæmdastjóra.
Hirti Hjartar, framkvæmdastjóra.

## VI. Keflavíkurverktakar.

Keflavíkurverktakar eru fjögur fyrirtæki, stofnað árið 1957 fyrir forgöngu Iðnaðarmannafélags Suðurnesja, til að starfa saman að framkvæmdum á vegum varnarliðsins, en stofnendur voru svo til allir starfandi iðnmeistarar á svæðinu (sjá fskj. nr. 9). Þessi fyrirtæki eru:

Byggingaverktakar Keflavíkur h. f.
Járniðnar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur h. f.
Málaraverktakar Keflavíkur h. f.
Rafmagnsverktakar Keflavíkur h. f.

Fyrirtækin fengu árið 1957 heimild þáverandi utanríkisráðherra til að vinna fyrst og fremst að viðhaldsframkvæmdum fyrir varnarliðið og hefur þessi tilhögun haldist síðan.

Ofangreind fyrirtæki eru öll skráð í Keflavík. Hluthafar í dag eru á annað hundrað (sbr. fskj. nr. 10). Að öllu jöfnu eru hlutabréf til sölu hjá öllum fjórum félögunum til þeirra aðila, er uppfylla skilyrði um iðnréttindi og búsetu.

Í stjórn fyrirtækisins eru eftirtaldir aðilar:

Byggingaverktakar Keflavíkur h. f.
- Jakob Árnason, húsasmíðameistari, formaður.
- Jón V. Einarsson, húsasmíðameistari.
- Bragi Pálsson, húsasmíðameistari.

Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur h. f.
- Björn Magnússon, járnsmiður, formaður.
- Þormar Guðjónsson, bifvélavirki.
- Einar Þorleifsson, pípulagningameistari.

Málaraverktakar Keflavíkur h. f.
- Jóhann R. Benediktsson, málarameistari, formaður.
- Áki Gränz, málarameistari.
- Högni Gunnlaugsson, málarameistari.

Rafmagnsverktakar Keflavíkur h. f.
- Eyjólfur Þórarinsson, rafvirkjameistari, formaður.
- Jóhann Líndal, rafvirkjameistari.
- Guðbjörn Guðmundsson, rafvirkjameistari.

Stjórn Keflavíkurverktaka er skipuð 9 mönnum. Fjórir þeirra eru stjórnarformenn hinna fjögurra hlutafélaga hér að framan, en hinir eru:

Jón H. Jónsson, framkvæmdastjóri Byggingaverktaka Keflavíkur h. f.
Ingvar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Járniðnaðar- og pípulagningaverktaka Keflavíkur h. f.
Hilmar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Rafmagnsverktaka Keflavíkur h. f.
Þorbergur Friðriksson, framkvæmdastjóri Málaraverktaka Keflavíkur h. f.
Sigurður Halldórsson, ráðgjafarverkfræðingur.

Hlutverk Keflavíkurverktaka er að annast sameiginlega þætti fyrir fyrrgreind félög með því að bjóða í og semja um viðhaldsverkefni fyrir varnarliðið. Keflavíkurverktakar annast eftirlit með einstökum verkframkvæmdum, bókhald, innkaup á efni og aðra sameiginlega þjónustu.

Starfslið fyrirtækjanna fjögurra og skipting eftir starfsheiti var sem hér segir í lok ársins 1982:

| | |
|---|---|
| Eftirlitsmenn | 4 |
| Húsasmiðir | 48 |
| Iðnnemar | 8 |
| Iðnverkamenn | 44 |
| Málarar | 16 |
| Múrarar | 5 |
| Pípulagningamenn | 5 |
| Plötusmiðir | 2 |
| Rafsuðumenn | 1 |
| Rafvirkjar | 8 |
| Rennismiðir | 1 |
| Skrifstofumenn | 5 |
| Vélvirkjar | 4 |
| Verkfræðingar | 1 |
| Starfsmenn samtals | 152 |

Starfsmenn í lok ársins 1983 voru 145.

Verkframkvæmdir fyrirtækisins hafa, eins og áður segir, verið fyrst og fremst viðhaldsverkefni stór og smá fyrir varnarliðið. Fyrirtækið hefur jafnframt unnið ýmis verk fyrir íslenska aðila á varnarsvæðinu, svo sem flugmálastjórn, fríhöfnina og Flugleiðir. Jafnframt hefur fyrirtækið unnið talsvert í undirverktöku fyrir Íslenska aðalverktaka. Þegar um slíka framkvæmd hefur verið að ræða, þá hafa Íslenskir aðalverktakar jafnan lagt til allt efni, en Keflavíkurverktakar annast vinnu eingöngu.

Á árinu 1984 er áætlað að fyrirtækið geti haft verkefni frá varnarliðinu fyrir allt að 11,1 millj. dollara, en samningar um sum þeirra hafa ekki enn farið fram.

Til glöggvunar um arðsemi fyrirtækisins skal hér greint frá greiðslum til hluthafa tímabilin 1973—1982, en heildarhlutafé nemur alls 20 millj. kr. Allar upphæðir eru í nýkrónum.

| | |
|---|---|
| 1973 | 11 475 |
| 1974 | 18 835 |
| 1975 | 21 709 |
| 1976 | 27 101 |
| 1977 | 45 281 |
| 1978 | 45 671 |
| 1979 | 69 663 |
| 1980 | 94 586 |
| 1981 | 122 900 |
| 1982 | 441 205 |

## VII. Afgreiðsla á tollfrjálsum innflutningi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka.

Að fengnu leyfi varnarmáladeildar eru skjöl vegna tollfrjáls innflutnings Íslenskra aðalverktaka afgreidd hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli og er ljósrit sent tollgæslunni í Reykjavík. Skjöl vegna tollfrjáls innflutnings Keflavíkurverktaka eru hins vegar afgreidd hjá tollgæslunni í Reykjavík. Heimild til afhendingar vöru úr vörugeymslu í Reykjavík til verktakafyrirtækja er gefin af tollgæslunni í Reykjavík. Er vara þá flutt í tollbandi til Keflavíkurflugvallar eða í tollvörugeymslu Suðurnesja. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli áritar tollseðla og staðreynir, að varan hafi borist í hendur réttra aðila þegar hún er afhent notanda. Aðflutningsskýrslur fara í gegnum tollbók viðkomandi embætta og þaðan til réttmætra yfirvalda, þar á meðal ríkisendurskoðunar.

Sending vara í tollbandi frá komuhöfn til afgreiðslustaðar er þekkt og viðurkennt fyrirkomulag í heiminum, þegar vörur eru sendar á milli tollsvæða. Að sögn tollstjóraembættisins í Reykjavík hefur aldrei orðið misbrestur á flutningi vara, sem sendar hafa verið í tollbandi frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar.

Þess má geta, að auk þess að tollfrjáls innflutningur sé afgreiddur til Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka, þá er og tollfrjáls innflutningur afgreiddur til fríhafnar, varnarliðsins, Flugleiða og Arnarflugs á Keflavíkurflugvelli.

Athugun stendur nú yfir hjá varnarmáladeild hvort ástæða er til að gera einhverjar breytingar á gildandi fyrirkomulagi varðandi afgreiðslu tollfrjáls varnings til verktaka.

## VIII. Svör við spurningum um starfsemi Íslenskra aðalverktaka s. f.

**Spurning 1.**

*Hverjir eru eignaraðilar í Íslenskum aðalverktökum, annað hvort beint eða í gegnum önnur félög, og í hvaða hlutföllum?*

**Svar:**

Íslenskir aðalverktakar er sameignarfélag þriggja aðila:

| | |
|---|---|
| Sameinaðra verktaka h. f. (hluthafar 147) (sjá fskj. nr. 5) | 50% |
| Regins h. f. (eign Sambands ísl. samvinnufélaga) | 25% |
| Ríkissjóðs | 25% |

**Spurning 2.**

*Eignarfjárstaða Íslenskra aðalverktaka og matsverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1982 — a) húseignir; b) bifreiðar; c) aðrar eignir?*

**Svar:**

Í árslok 1982 nam eigið fé félagsins 226 624 þús. kr.

a) Húseignir voru bókfærðar á 64 048 þús. kr. Fasteignamat var 52 373 þús. kr.
b) Bifreiðaeign félagsins var bókfærð á 16 354 þús. kr., en það eru efnisflutningabifreiðar, steypubifreiðar, festi- og tengivagnar, mannflutninga- og sendibifreiðar.
c) Aðrir bókfærðir varanlegir rekstrarfjármunir eru vinnuvélar og stærri tæki 18 108 þús. kr., og áhöld, verkfæri og innbú 4 313 þús. kr.

**Spurning 3.**

*Hvernig hefur húseignin Höfðabakki 9 verið fjármögnuð og hvaða starfsemi fer þar fram?*

**Svar:**

Húseignirnar að Höfðabakka 9 eru helmingaeign félagsins á móti Sameinuðum verktökum h. f. Þeir hafa greitt sinn helming hvor af byggingarkostnaði allt frá árinu 1968.

Félagið hefur engin lán tekið vegna byggingarframkvæmda á þessum 15 árum.

Húseigendur hafa eigin skrifstofur á staðnum og leigja auk þess eftirtöldum aðilum:

Gliti h. f.
Hagkaupum h. f., saumastofu
Plastprenti h. f.
Tækniskóla Íslands
Véladeild S.Í.S.
Samvinnubankanum
Virki h. f., verkfræðistofu
Landsbanka Íslands
Iceland Review
Endurskoðunarmiðstöðinni h. f.
Lögfræðiskrifstofunni, Höfðabakka 9
Verkfræðistofunni Þróun
Kísilmálmvinnslunni h. f.

Nokkuð af húsnæðinu er ófullgert.

**Spurning 4.**

*Heildarvelta Íslenskra aðalverktaka árin 1980, 1981 og 1982?*

**Svar:**

Heildarvelta félagsins var sem hér segir (í þús. kr.):

| Ár | Heildarvelta |
|---|---|
| 1980 | 84 105 |
| 1981 | 127 968 |
| 1982 | 371 994 |

**Spurning 5.**

*Árlegur hagnaður fyrirtækisins árin 1980, 1981 og 1982 og hvernig honum hefur verið ráðstafað?*

**Svar:**

Árlegur hagnaður félagsins eftir skatta og ráðstöfun hans var sem hér segir (þús. kr.):

| Ár | Hagnaður | Lagt í varasjóð | Yfirfært til næsta árs |
|---|---|---|---|
| 1980 | 5 056 | 3 019 | 2 037 |
| 1981 | 3 533 | 2 555 | 978 |
| 1982 | 53 984 | 27 617 | 26 367 |

Meðalhagnaður af heildarveltu þessi ár hefur numið 10.7% en ráðstöfunarfé eftir varasjóðstillag 5.0%.

**Spurning 6.**

*Hverjar tekjur íslenska ríkisins hafa verið og eignaaukning hjá Íslenskum aðalverktökum s. l. ár og hvernig það hefur verið fært í ríkisbókhaldi?*

**Svar:**

Þar sem félagið er sameignarfélag og jafnframt því sjálfstæður skattaðili, teljast tekjur þess hjá sameignarfélaginu sjálfu, en ekki sem tekjur eignaraðila. Aftur á móti má úthluta eigendum árlega af höfuðstóli félagsins í samræmi við niðurlag 1. tl. 55. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Reikningar félagsins fyrir árið 1983 liggja ekki fyrir. Úthlutun til ríkissjóðs á árinu 1983 vegna ársins 1982 nam alls 5 000 þús. kr. Innborgaður hluti til ríkissjóðs er færður í A-hluta ríkisreiknings á tekjuliðinn „Sameignir ríkissjóðs".

Hluti ríkissjóðs í eignaaukningu félagsins á árinu 1982 nam 27 761 þús. króna. Þar af eru 16 682 þús. króna bókfærðar endurmatshækkanir vegna almennra verðhækkana milli áranna 1981 og 1982. Mismunurinn 11 079 þús. krónur kemur úr rekstri félagsins. Hlutur ríkissjóðs í eignaaukningu er ekki færður í ríkisbókhaldi.

**Spurning 7.**

*Stofnfjárframlag íslenska ríkisins og verðmæti eignarhluta þess í árslok 1982?*

**Svar:**

Stofnfjárframlag ríkissjóðs hefur staðið óbreytt í bókum félagsins frá árinu 1967, þá að upphæð 8.5 millj.g. kr., eða nú 85 þús. kr. Framreiknað til ársloka 1982 með verðbreytingastuðli ríkisskattstjóra nemur stofnfjárframlagið 6 221 þús. kr. Verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í árslok 1982 nam 56 656 þús. kr. að stofnfé meðtöldu.

**Spurning 8.**

*Hversu miklum gjaldeyri Íslenskir aðalverktakar hafa skilað inn s. l. 5 ár, hversu háar gjaldeyrisyfirfærslur þeir hafa fengið vegna innflutningsskrifstofu fyrirtækisins í Bandaríkjunum og hvernig háttað hefur verið skilagrein til bankanna:*

**Svar:**

Gjaldeyrisskil Íslenskra aðalverktaka s. f. árin 1978—1983 hafa verið sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1978 | USD 14 831 466 |
| 1979 | USD 8 416 639 |
| 1980 | USD 12 106 708 |
| 1981 | USD 13 273 250 |
| 1982 | USD 26 456 540 |
| 1983 | USD 27 930 798 |

Gjaldeyrisnotkun sömu ár vegna reksturs innkaupaskrifstofu:

| | |
|---|---|
| 1978 | USD 285 185 |
| 1979 | USD 377 742 |
| 1980 | USD 371 767 |
| 1981 | USD 292 986 |
| 1982 | USD 293 282 |
| 1983 | Tölur ekki fyrirliggjandi. |

Skilagrein um gjaldeyrisviðskipti fyrirtækisins er send Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti.

**Spurning 9.**

*Hvort íslenskir aðalverktakar hafi fengið umboðslaun og ef svo er, hver þau hafa verið s. l. 5 ár og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka?*

**Svar:**

Félagið hefur engin umboðslaun fengið.

**Spurning 10.**

*Hverjir viðskiptabankar fyrirtækisins eru og hver var hlutfallsleg skipting innstæðna í þeim bönkum í árslok 1981 og 1982?*

**Svar:**

Nær öll bankaviðskipti félagsins eru við Landsbanka Íslands, en félagið átti innstæðu í öllum hinum bönkunum og í þremur sparisjóðum. Hlutfallsleg skipting innstæðna í þeim var sem hér greinir:

| Í árslok | 1981 | 1982 |
|---|---|---|
| Landsbanki Íslands | 53.6% | 70.0% |
| Samvinnubanki Íslands hf. | 18.5% | 9.5% |
| Iðnaðarbanki Íslands hf. | 11.3% | 5.8% |
| Verslunarbanki Íslands hf. | 6.0% | 5.1% |
| Aðrir bankar | 6.8% | 3.0% |
| Sparisjóður Keflavíkur | 3.2% | 6.3% |
| Aðrir sparisjóðir | 0.6% | 0.3% |

**Spurning 11.**

*Verðmæti tollfrjáls innflutnings íslenskra aðalverktaka s. l. þrjú ár, sem heimilaður hefur verið af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins vegna eftirfarandi: a) varnarliðsframkvæmda, sem unnar eru á grundvelli verktaksamninga við varnarliðið; b) annars innflutnings sem ekki er skráður á ákveðna verksamninga?*

**Svar:**

Innflutningur félagsins (í þús. kr.) árin 1981, 1982 og 1983 vegna a) verktakasamninga; b) annars innflutnings:

| Ár | | a) verksamninga | b) annars | Alls |
|---|---|---|---|---|
| 1981 | kr. | 23 061 | 8 412 | 31 473 |
| 1982 | kr. | 54 206 | 13 008 | 67 214 |
| 1983 | kr. | 240 058 | 40 788 | 280 846 |

Varðandi a) ber að hafa í huga, að innflutningur vegna verksamninga getur spannað tvö eða jafnvel þrjú ár.

**Spurning 12.**

*Upphæð umsaminna efniskaupa samkvæmt verktakasamningum fyrir sama tímabil milli íslenskra aðalverktaka og varnarliðsins:*

**Svar:**

Umsamin efniskaup vegna verksamninga voru á sama tíma:

| | | |
|---|---|---|
| 1981 | $ | 8 346 522 |
| 1982 | $ | 12 258 059 |
| 1983 | $ | 9 289 371 |

**Spurning 13.**

*Eftirgjöf ríkisins s. l. 3 ár (fært fram til verðlags í dag) á tollum og aðflutningsgjöldum af vélum, tækjum og búnaði vegna verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.*

**Svar:**

Innflutningur á ökutækjum Íslenskra aðalverktaka:

| Ár | Fjöldi | Tollar og aðfl.gjöld | Framreiknistuðull | Núvirði kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1981 .... | 13 | 2 222 438 | 2 6399 | 5 867 014 |
| 1982 .... | 19 | 3 355 730 | 1 7167 | 5 760 782 |
| 1983 .... | 22 | 4 249 944 | 1 0000 | 4 249 944 |
| | | | Alls: | 15 877 740 |

Upplýsingar frá Íslenskum aðalverktökum hafa verið bornar saman við upplýsingar frá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Upphæð tolla og aðflutningsgjalda er þinglýst sem veðband á ökutækinu.

Um tolla og aðflutningsgjöld af vélum, tækjum og búnaði umfram það sem að ofan greinir er það að segja að nær ógjörningur er að svara spurningunni til hlítar nema með ærnum kostnaði og fyrirhöfn. Fara þyrfti í gegnum þúsundir skjala og tína þessa liði sérstaklega út. Þá má benda á að ekki kemur skýrt fram í spurningunni hvað átt er við með búnaði. Til frekari upplýsinga vísast til c) liðar svars við spurningu 2 þar sem fram kemur að bókfært virði vinnuvéla og stærri tækja í árslok 1982 er 18 108 þús. kr.

**Spurning 14.**

*Hvort yfirvöld hafa kannað hvort innflutningur tækja, véla eða varahluta hvers konar, sem ekki eru skráð á ákveðna verktakasamninga, séu í samræmi við raunverulega þörf Íslenskra aðalverktaka?*

**Svar:**

Yfirvöld hafa ekki kannað sérstaklega rekstrarþörf fyrirtækisins fyrir ofangreindan innflutning. Fyrirtækið hefur með höndum umfangsmikla og fjölþætta starfsemi, eins og áður hefur komið fram, sem kallar á mismunandi mikla notkun tækja eftir eðli verkefna. Fyrirtækið verður að vera í stakk búið að sinna ólíkum verkefnum með stuttum fyrirvara. Verður því að telja, að það sé best fært um að meta þessar þarfir með hliðsjón af verkefnum og rekstri.

**Spurning 15.**

*Hvernig háttað er eftirliti með innflutningi samkvæmt 8. gr. 6. tl. fylgiskjals með varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna og hverjar hafa verið tollatekjur íslenska ríkisins af þeim innflutningi?*

**Svar:**

Varnarliðinu er samkvæmt 3. tl. 8. gr. viðbætis við varnarsamninginn heimilað að flytja inn á varnarsvæðið tollfrjálsan varning til nota fyrir varnarliðsmenn og skyldulið þeirra. Stuttu eftir komu varnarliðsins var sett á stofn verslun með tollfrjálsan varning (núverandi Navy Exchange). Skoða varð því ákvæði 6. tl. 8. greinar í ljósi breyttra aðstæðna varðandi einstaka hluti, sem varnarliðsmenn óskuðu að flytja inn á varnarsvæðið fyrir atbeina pósthúss Bandaríkjanna til eigin afnota. Það varð því fljótlega niðurstaða í varnarmálanefnd, að varnarliðsmönnum væri heimilað að taka á móti tollfrjálsum varningi með

bögglapóstsendingum, sem háðar væru reglum um hámarksþyngd og stærð, ef um væri að ræða hluti til einkaafnota. Hluti af póstsendingum eru vörur keyptar í gegnum póstverslun (þ. á m. póstverslun, sem Navy Exchange rekur).

Þeirri reglu hefur verið fylgt af varnarmáladeild, að heimila ekki innflutning tollfrjáls varnings til einstaklinga með öðrum hætti, nema um væri að ræða komu í fyrsta sinn til Íslands, sbr. 4. tl. 8. greinar.

**Spurning 16.**

*Verkamannakaup pr. klst. í verksamningum á árinu 1983 og starfsmannafjöldi fyrirtækisins s. l. þrjú ár?*

**Svar:**

Félagið vinnur engin verk fyrir varnarliðið í tímavinnu. Verksamningar eru jafnan byggðir á einni heildarupphæð. Við gerð tilboðs er stuðst við gildandi kjarasamninga hverju sinni.

Fjöldi starfsmanna á launaskrá var þessi:

1980 ........ 528
1981 ........ 584
1982 ........ 583

**Spurning 17.**

*Utanríkisráðherra hafi áform um að breyta fyrirkomulagi verkútboða á vegum varnarliðsins og, ef svo er, þá hvernig og hvort það fyrirkomulag verkútboðs, sem hér ríkir, eigi sér hliðstæður við samsvarandi aðstæður í öðrum löndum og, sé ekki svo, þá hvernig því sé háttað?*

**Svar:**

Upplýsingar um verktakastarfsemina á Keflavíkurflugvelli, sem lagðar hafa verið fram með þessari skýrslu, gefa yfirlit um mismunandi framkvæmdaþörf varnarliðsins og þá sérstöðu, sem verktakar varnarliðsins búa við í dag.

Skipta má verkefnum verktakanna í eftirfarandi þætti:

1. Samningsgerð við varnarliðið
2. Rekstur verktaka- og þjónustuaðstöðu
3. Birgðahald
4. Nýjar framkvæmdir
5. Meiriháttar viðhaldsframkvæmdir
6. Almennt viðhald á mannvirkjum

Íslenskir aðalverktakar hafa með höndum verkefni, er falla undir liði 1—5, en Keflavíkurverktakar verkefni samkvæmt lið 1 og lið 6 að mestu leyti.

Hugmyndir um breytingar á verktakastarfseminni verða að taka mið af framtíðartilhögun ofangreindra þátta, svo og því samkomulagi, sem í gildi er milli Íslands og Bandaríkjanna um toll- og skattfrelsi á efni, tækjum og þjónustu. Samskonar ákvæði eru í gildi um framkvæmdir Bandaríkjanna í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins, svo og milli bandalagsríkjanna innbyrðis varðandi verkefni, sem greidd eru úr sameiginlegum sjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Telja verður, að athuguðu máli, að hvorki sé heppilegt né hagkvæmt að fjölga beinum viðsemjendum varnarliðsins frá því sem nú er. Ástæða er hins vegar til þess að opna fyrir þá möguleika, að nýir verktakar hefðu aðstöðu til að taka að sér verkefni í auknum mæli og á sama grundvelli og félögin er tengjast Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum.

Þá er einnig rétt að kanna ítarlega skilyrði þess að opna aðildarfélög samningsaðila frekar en nú er. Til þess að undirbúa þetta hefur utanríkisráðherra ákveðið að koma á fimm manna samstarfsnefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar Verktakasambands Íslands, fulltrúi Íslenskra aðalverktaka, fulltrúi Keflavíkurverktaka og fulltrúi ráðuneytisins. Nefndinni verði jafnframt falið að kanna fyrirkomulag þessara mála og reynslu í öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins.

## IX. Hliðstæð svör við spurningum um starfsemi Keflavíkurverktaka eftir því sem við á.

**Spurning 1.**

*Hverjir eru eignaraðilar Keflavíkurverktaka, annað hvort beint eða í gegnum önnur félög, og í hvaða hlutföllum?*

**Svar:**

Eigendur Keflavíkurverktaka eru eftirtalin hlutafélög:

Byggingaverktakar Keflavíkur hf.
Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur hf.
Málaraverktakar Keflavíkur hf.
Rafmagnsverktakar Keflavíkur hf.

Hluthafar þessara félaga eru alls 104 (sjá fskj. nr. 10).

**Spurning 2.**

*Eignarfjárstaða Keflavíkurverktaka og matsverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 1982 — a) húseignir; b) bifreiðar; c) aðrar eignir?*

**Svar:**

Eigin fjárstaða í árslok 1982 kr. 44 391 þús. kr.
Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna var í árslok 1982:

| | |
|---|---|
| a) Húseignir | 27 735 þús. kr. |
| b) Bifreiðar og skráðar vinnuvélar | 3 910 þús. kr. |
| c) Aðrar eignir | 3 751 þús. kr. |

**Spurning 4.**

*Heildarvelta Keflavíkurverktaka árin 1980, 1981 og 1982?*

**Svar:**

Heildarvelta var sem hér segir (í þús. kr.):

| Unnið fyrir: | | 1980 | 1981 | 1982 |
|---|---|---|---|---|
| Varnarliðið | kr. | 18 407 | 53 432 | 117 772 |
| Útistandandi v/varnarliðs | kr. | 226 | 38 | 1 479 |
| Innlendir aðilar | kr. | 1 746 | 1 103 | 3 803 |
| Samtals: | kr. | 20 379 | 54 573 | 123 054 |

**Spurning 5.**

*Árlegur hagnaður Keflavíkurverktaka árin 1980, 1981 og 1982 og hvernig honum hefur verið ráðstafað?*

**Svar:**

Árlegur hagnaður og ráðstöfun hans hefur verið sem hér segir (í þús. kr.):

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1980. **Rekstrarhalli** ............. | kr. | −354 |
| Arður til hluthafa .................... | — | 94 |

Lagt var í varasjóð og halli yfirfærður til lækkunar á eigin fé.

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1981. **Hagnaður** ................ | kr. | 2 130 |
| Arður til hluthafa .................... | — | 123 |

Jafnframt var lagt í varasjóð og eftirstöðvar yfirfærðar til næsta árs.

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1982. **Hagnaður** ................ | kr. | 6 454 |
| Arður til hluthafa .................... | — | 441 |

Jafnframt var lagt í varasjóð og eftirstöðvar yfirfærðar til næsta árs.

**Spurning 8.**

*Hversu miklum gjaldeyri Keflavíkurverktakar hafa skilað inn s. l. 5 ár, og hvernig háttað hefur verið skilagrein til bankanna?*

**Svar:**

Gjaldeyrisskil:

Öllum gjaldeyri, sem Keflavíkurverktakar afla, er skilað með sölu í Landsbanka Íslands. Þessar upphæðir voru sem hér segir (í þús. kr.):

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1978 ........... | kr. | 9 567 |
| Árið 1979 ........... | — | 11 908 |
| Árið 1980 ........... | — | 18 407 |
| Árið 1981 ........... | — | 53 432 |
| Árið 1982 ........... | — | 117 772 |

Keflavíkurverktakar reka ekki skrifstofu né aðra starfsemi erlendis.

**Spurning 9.**

*Hvort Keflavíkurverktakar hafi fengið umboðslaun og ef svo er, hver þau hafa verið s. l. 5 ár og hvernig háttað hefur verið skilagrein til banka:*

**Svar:**

Keflavíkurverktakar taka ekki umboðslaun erlendis.

**Spurning 10.**

*Hverjir viðskiptabankar fyrirtækisins eru og hver var hlutfallsleg skipting innstæðna í þeim bönkum í árslok 1981 og 1982?*

**Svar:**

Viðskiptabankar eru tveir, og var staðan við þá hlutfallslega sem hér segir:

Sparisjóðurinn í Keflavík.

| | |
|---|---|
| Inneign 1981 ...... | 100.186% |
| Inneign 1982 ...... | 92.895% |

Landsbanki Íslands.

| | |
|---|---|
| Skuld 1981 ........ | – 0.186% |
| Inneign 1982 ...... | 7.105% |

**Spurning 11.**

*Verðmæti tollfrjáls innflutnings Keflavíkurverktaka s. l. þrjú ár, sem heimilaður hefur verið af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins vegna eftirfarandi: a) varnarliðsframkvæmda, sem unnar eru á grundvelli verktakasamninga við varnarliðið; b) annars innflutnings sem ekki er skráður á ákveðna verksamninga?*

**Svar:**

Tollfrjáls innflutningur, heimilaður af varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins var sem hér segir (í þús. kr.):

a) Varnarliðsframkvæmdir samkvæmt verksamningum.

| | | |
|---|---|---|
| 1980 ........ | kr. | 3 419 |
| 1981 ........ | — | 13 080 |
| 1982 ........ | — | 32 824 |

b) Vélar og tæki, ekki skráð á ákveðna samninga.

| | | |
|---|---|---|
| 1980 ........ | kr. | 264 |
| 1981 ........ | — | 658 |
| 1982 ........ | — | 2 274 |

**Spurning 12.**

*Upphæð umsaminna efniskaupa samkvæmt verktakasamningum fyrir sama tímabil milli Keflavíkurverktaka og varnarliðsins?*

**Svar:**

Umsamin efniskaup vegna verksamninga voru á sama tíma:

| | | |
|---|---|---|
| 1980 ............. | $ | 1 007 200 |
| 1981 ............. | $ | 1 955 900 |
| 1982 ............. | $ | 3 182 100 |

**Spurning 13.**

*Eftirgjöf ríkisins s. l. 3 ár (fært fram til verðlags í dag) í tollum og aðflutningsgjöldum af vélum, tækjum og búnaði vegna verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.*

**Svar:**

Ökutæki:

| Ár | Fjöldi | Tollar og aðfl.gjöld | Framreiknistuðull | Núvirði kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1981 .... | 1 | 30 532 | 2 6399 | 80 601 |
| 1982 .... | 6 | 746 032 | 1 7167 | 1 280 713 |
| 1983 .... | 5 | 1 181 521 | 1 0000 | 1 181 521 |
| | | | Alls: | 2 542 835 |

Upplýsingar frá Keflavíkurverktökum hafa verið bornar saman við upplýsingar frá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Upphæð tolla og aðflutningsgjalda er þinglýst sem veðband á ökutækinu.

**Spurning 16.**

*Verkamannakaup pr. klst. í verksamningum á árinu 1983 og starfsmannafjöldi fyrirtækisins s. l. þrjú ár?*

**Svar:**

Keflavíkurverktakar vinna ekki nein verk í tímavinnu fyrir varnarliðið. Þeir hafa því ekki samið við varnarliðið um neitt slíkt tímakaup.

Allir samningar eru gerðir fyrir fast verð í dollurum. Margir þeirra eru svo með ákvæðum um, hvernig breyta skuli ef til koma breytingar á gengi krónunnar miðað við dollar, eða ef kaup breytist á samningstímabilinu. Verði slíkar breytingar þá er tekið mið af tímatöxtum iðnaðarmanna samkvæmt kaupgjaldsskrá og gengi samkvæmt skráningu Seðlabankans.

Starfsmannafjöldi í lok hvers árs var:

1980 ..... 94
1981 ..... 118
1982 ..... 152

Fylgiskjal 1.

25. mars 1954

# Samkomulag

Efni: Skipulag framkvæmdar áætlunar um varnarframkvæmdir á Íslandi. — Meginreglur.

